

From: "Ingolfur Bruun" <i@05.is>
Subject: **Ljósleiðari Síminn Hof Öræfi**
Date: November 17, 2008 1:48:41 PM GMT
To: i@05.is



----- Original Message -----

From: Ingolfur Bruun [mailto:i@05.is]

To:

elin@siminn.is

Cc: knutur@frostogfuni.is

Sent: Mon, 17 Nov 2008 13:47:56

+0000

Subject: Í framhaldi af símtali vegna Fjarskiptafélags Öræfinga

Komdu sæl Elin,

Í framhaldi af símtali okkar óska ég eftir fundi með þér (eða viðeigandi aðila innan Símanns). Með mér verður Knútur Bruun en hann er búsettur í Öræfum og er í stjórn Fjarskiptafélags Öræfinga.

Það sem við ætlum að fá að ræða við Símann er tenging og efnisveita inn á ljósleiðara í Öræfum. Um verður að ræða um 40 aðila, heimili og fyrirtæki. Fjarskiptafélagið mun hafa aðgang að 2 ljósleiðurum af 24 sem eru í streng sem RARIK á og liggur frá Reynivöllum í austri til Skaftafells í vestri. Fjarskiptafélagið mun sjá um að leggja rör fyrir heimtaugar ásamt því að blása ljósleiðara í gegnum rörin. Það mun því liggja fyrir grunnnet ljósleiðara.

Nánar langar okkur til að ræða eftirfarandi:

1. Öflun tengibúnaðar fyrir ljósleiðarann. Í því felst endabúnaður í húsum og tengibúnaður í tengibrunnum/kössum.
2. Sala á efni í gegnum strenginn, internet, sjónvarp og sími.

Tenging inn á RARIK strenginn yrði í gegnum tengipunkt ljósleiðara Mílu (NATO strenginn) við Freysnes í Öræfum.

Fjarskiptafélagi Öræfinga er skylt að auglýsa verkefnið en við Knútur viljum fá að ræða við Símann til að skýra verkefnið betur og ekki síst að velta fyrir sér kostnaði, þ.e.a.s. mánaðargjöld fyrir þjónustuna og verðlagningu endabúnaðar.

Það væri gott að fá fund hjá ykkur á föstudag ef það hentar en annars í byrjun næstu viku við ykkar hentugleika.

Með bestu kveðju,

Ingólfur Bruun
s. 695-3413
i@05.is